

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Skóla- og íþróttasvæði á Höfn, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 13. júní 2024 deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis á Höfn í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið skipulagsins eru að efla enn frekar aðstöðu til íþróttaiðkunar, lagfæra skólalóðir og þróa svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar, allan ársins hring.

Samhliða eru gerðar breytingar á mörkum við þrjú aðliggjandi deiliskipulagssvæði:

Deiliskipulag íbúðarsvæðis á Leirum.

Deiliskipulag miðbæjar Hafnar.

Deiliskipulag við Víkurbraut, Höfn, Knattleikjahús.

Deiliskipulagið og breytingar á mörkum við aðliggjandi deiliskipulagssvæði hafa hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 6. ágúst 2024.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 20. ágúst 2024